

REGLUR

Hafnarfjarðarkaupstaðar um beingreiðslusamning fyrir fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Grundvöllur og inntak beingreiðslusamninga.

Reglur þessar taka til beingreiðslusamninga við einstaklinga og barnafjölskyldur og grundvallast á 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Markmið beingreiðslusamninga er að auka val einstaklinga og barnafjölskyldna um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings. Notandi er í verkstjórnarhlutverki og stjórnar því hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig.

Stoðþjónusta er veitt á milli kl. 07.00 og 24.00. Almenn er stoðþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs og félagslegur stuðningur í samræmi við þarfir notanda. Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir.

Fjölskyldu- og barnamálasvið gerir beingreiðslusamning við einstaklinga og forsjáraðila barna sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir beingreiðslusamningi.

2. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um beingreiðslusamning verði samþykkt.

Til þess að notandi eigi rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings verða öll eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Forsjáraðili barns getur sótt um þjónustu í formi beingreiðslusamnings fyrir barn sitt, uppfylli það skilyrði 2. og 3. gr. reglna þessara skv. faglegu mati sérfræðinga.
- Umsækjandi skal teljast í þörf fyrir stoðþjónustu í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Umsækjandi skal þurfa aðstoð umfram 15 klukkustundum á viku.
- Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Þeir sem búa í sértæku húsnæðisúrræði, þ.e. íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks, geta átt rétt á notendasamningi sé stefnt að flutningi í sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings.

Til þess að þjónusta í formi beingreiðslusamnings geti hafist skal umsækjandi eiga lögheimili í Hafnarfirði meðan þjónustan er veitt.

Samþykktar umsóknir um beingreiðslusamninga raðast eftir forgangsörð hverju sinni. Fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar ber að upplýsa notanda um þá þjónustu sem honum stendur til boða á meðan beðið er eftir þjónustu í formi beingreiðslusamnings.

III. KAFLI

Umsóknarferli, mat og afgreiðsla.

3. gr.

Umsóknir og fylgigögn.

Umsókn um stuðningsþjónustu í formi beingreiðslusamnings skal vera skrifleg.

Umsókn er hægt að nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðar, www.hafnarfjordur.is og í þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir:

- a. Heildstætt mat á þjónustubörf.
- b. SIS mat.
- c. Sjálfsmat.
- d. Vottorð frá sérfræðingum s.s. læknisvottorð.

4. gr.

Grunnmat.

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal umsækjandi boðaður í viðtal innan mánaðar.

Í samráði við umsækjanda skal fara fram mat á því hvort beingreiðslusamningur sé hentugt fyrirkomulag til að mæta þjónustubörfum umsækjanda. Við matið er tekið mið af óskum og þörfum umsækjanda, sjálfsmati sem og mati fjölskyldu- og barnamálasviðs á þörf umsækjanda fyrir þjónustu í formi beingreiðslusamnings. Matið skal sýna þörf umsækjanda fyrir stuðning þar sem fram kemur sá tímafjöldi þjónustu sem umsækjandi þarf að jafnaði á viku.

5. gr.

Afgreiðsla umsóknar.

Að loknu mati er umsókn lögð fyrir á fundi stuðnings- og stoðþjónustuteymis í samráði við sviðsstjóra.

Afgreiðsla umsóknar skal byggja á fyrirliggjandi mati, SIS mati, sjálfsmati og öðrum gögnum.

Niðurstaðan skal vera skrifleg og tilkynnt umsækjanda með formlegum hætti.

Verði umsækjanda ekki veitt þjónusta í formi beingreiðslusamnings af hálfu stuðnings- og stoðþjónustuteymis mun umsókn hans halda gildi sínu og verður umsækjanda leiðbeint um önnur þau úrræði sem honum kunna að standa til boða.

6. gr.

Þjónustubættir beingreiðslusamnings.

Eftirtalin þjónusta verður hluti af beingreiðslusamningi:

- a. Stoðþjónusta á grundvelli 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- b. Þjónusta á grundvelli 3. gr. reglna Hafnarfjarðar um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og sem felur í sér stuðning við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.
- c. Þjónusta á grundvelli 3. gr. reglna um stuðning við börn og fjölskyldur og sem felur í sér einstaklingsstuðning við börn 6-18 ára og stuðningsfjölskyldur fyrir börn 0-18 ára.

Heimahjúkrun er ekki hluti af samkomulagi um vinnustundir. Það sama gildir um akstursþjónustu, sbr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

7. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálasviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar.

IV. KAFLI

Skipulag og framkvæmd beingreiðslusamninga.

8. gr.

Innihald beingreiðslusamnings.

Þegar umsókn um beingreiðslusamning hefur verið samþykkt skulu notandi og fulltrúi fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar gera með sér samning þar sem m.a. kemur fram fjöldi vinnustunda og samningsfjárhæð. Þegar greiðslur samkvæmt samningi hefjast fellur önnur stuðningsþjónusta fjölskyldu- og barnamálasviðs niður enda kemur beingreiðslusamningur í hennar stað.

9. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns.

Fjárhæðir vegna hverrar vinnustundar skulu skiptast í laun og launatengd gjöld. Greiðslur vegna aðstoðarfólks taka mið af útlögðum kostnaði sveitarfélagsins þegar um einstaklingsstuðning er að ræða, sbr. reglur Hafnarfjarðar um stuðningsþjónustu.

Í lok hvers árs skal notandi senda fjölskyldu- og barnamálasviði heildaruppgjör á beingreiðslusamningi fyrir allt tímabilið. Í heildaruppgjöri skal koma fram sundurliðun á ráðstöfun sammingsfjárhæðar, yfirlit yfir verktaka-, launakostnað og launatengd gjöld, fjölda vinnustunda og yfirlit yfir ráðstöfun á framlagi til starfsmannakostnaðar. Því fjármagni, sem ekki hefur verið notað á tímabilinu, skal í lok árs skilað í heild sinni til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar, eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Ljúki samningi aðila fyrir skal ársuppgjöri skilað í síðasta lagi 45 dögum eftir að síðustu launagreiðslur til aðstoðarfólks hafa verið inntar af hendi samkvæmt samningi aðila sem er að ljúka.

Ársuppgjöri skal fylgja afrit af útgefnum launa- og/eða verktakamiðum til ríkisskattstjóra samkvæmt gildandi reglum hverju sinni. Fjölskyldu- og barnamálasvið getur einnig óskað eftir afriti af reikningum vegna útlagðs starfsmannakostnaðar.

Hafnarfjarðarkaupstað er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

Hafnarfjarðarkaupstaður ber ekki ábyrgð á rekstrarniðurstöðu eða fjárhagslegu tapi notanda.

Fjölskyldu- og barnamálasviði ber að gæta þess að fjármagni sammings sé ráðstafað á tilætlaðan máta og skal krefjast endurgreiðslu komi í ljós að það hafi ekki farið í þá aðstoð sem tilgreind er í samningi. Gengið skal út frá að hver mánaðargreiðsla fjölskyldu- og barnamálasviðs sé nýtt þann mánuð sem við á. Notanda er þó heimilt að færa fé milli mánaða, en þó aldrei meira en í þrjá mánuði í senn, í samráði við starfsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Komi til ofgreiðslu ber notanda að endurgreiða mismuninn til velferðarsviðs innan 14 daga frá tilkynningu um ofgreiðslu.

10. gr.

Ráðning aðstoðarfólks.

Notandi ber ábyrgð á ráðningu aðstoðarfólks. Aðstoðarfólk er ráðið á grundvelli beingreiðslusammings. Við ráðningu aðstoðarfólks ber notanda að fara að lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 og þeim kjarasamningum sem gilda hverju sinni.

Ef notandi óskar eftir að ráða aðstoðarfólk á verktakasamningi þarf að sækja sérstaklega um samþykki fjölskyldu- og barnamálasviðs fyrir því.

Aðeins í undantekningartilvikum er heimilt að ráða til sín maka, sambýlisaðila eða náinn ættingja en þó að jafnaði ekki meira en sem nemur 25% af samþykktum tímafjölda á hverjum tíma.

11. gr.

Endurmat.

Stöðumat fer fram þremur mánuðum eftir að samningur tekur gildi, þar sem fulltrúi fjölskyldu- og barnamálasviðs fer yfir með notanda hvernig fyrirkomulag þjónustunnar nýtist og hvort hún skili tilætluðum árangri.

Endurmat á stuðningsþörfum notanda og þörf fyrir beingreiðslusamning skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári. Ef um verulega breytingu á stuðningsþörf er að ræða skal fara fram endurskoðun á samningi.

12. gr.

Breytingar á aðstæðum notanda.

Notandi skal tilkynna fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem varðað geta framkvæmd beingreiðslusammings þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili, s.s. sjúkrahúslegu, sem og um lögheimilisflutning.

Breytingar á aðstæðum notanda geta leitt til endurmats á stuðningsþörf hvort sem er vegna aukinnar eða minnkaðrar stuðningsþarf.

V. KAFLI
Eftirlit og upplýsingaskylda.

13. gr.

Skyldur notanda.

Notandi skal skila fjölskyldu- og barnamálasviði rekstraryfirliti mánaðarlega á því formi sem sviðið óskar eftir. Í yfirlitinu skal koma fram sundurliðun á ráðstöfun samningsfjárhæðar, heildaryfirlit yfir launa- og/eða verktakakostnað, nýtingu vinnustunda og yfirlit vegna útlagðs starfsmanna-kostnaðar. Fjölskyldu- og barnamálasvið getur óskað eftir frekari sundurliðun rekstraryfirlits telji það þörf á því.

Notandi ber vinnuveitendaábyrgð gagnvart starfsfólki sínu og skal sjá til þess að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um réttindi starfsmanna sem aðstoða hann, m.a. hvað varðar aðbúnað á vinnustað þeirra, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og aðrar meginreglur íslensks vinnuréttar og kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Notandi skal að beiðni fjölskyldu- og barnamálasviðs vinna sjálfsmat á framkvæmd og árangri þeirrar aðstoðar sem veitt er.

14. gr.

Skyldur fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar.

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar ber ábyrgð á eftirliti með beingreiðslusamningum þ.e. að tilkynna notanda um atriði, t.d. lagabreytingar, reglugerðabreytingar eða breytingar á skipulagi og innihaldi þjónustunnar sem almennt má ætla að skipt geti máli varðandi framkvæmd samnings aðila og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru af þessum sökum svo unnt sé að efna samninginn.

VI. KAFLI

Áfrýjun, vanefndir, riftun og uppsögn samnings.

15. gr.

Vanefndir.

Verði uppi ágreiningur milli fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining.

Hafi notandi ekki notað það fjármagn sem ætlað er til þjónustu eða notað fjármagnið á annan hátt en kveðið er á um í samningi aðila getur Hafnarfjarðarkaupstaður endurkrafíð notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu til notanda.

16. gr.

Riftun.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift beingreiðslusamningi fyrirvaralaust og fellur þá samkomulag um vinnustundir úr gildi.

Trúnaðarbestur í samstarfi og gjaldþrot eða greiðslustöðvun notanda teljast ávallt til verulegra vanefnda af hálfu notanda og réttmæt ástæða fyrirvaralausrar riftunar.

Í þeim tilvikum sem beingreiðslusamningi er rift stöðvast greiðslur frá Hafnarfjarðarkaupstað þegar í stað.

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjármagns sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a. Fjármagnið að hluta til eða í heild hefur ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b. Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem beingreiðslusamningi er rift ber Hafnarfjarðarkaupstað að tryggja að lögbundin þjónusta við notanda hefjist tafarlaust og sjá til þess að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og mögulegt er.

17. gr.

Uppsögn á samningi.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er þrjú mánuðir. Uppsagnarfrestur hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn var sannanlega tilkynnt gagnaðila með formlegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar, ef við á. Við andlát notanda ber Hafnarfjarðarkaupstað að greiða umsamda samningsfjárhæð í allt að þrjú mánuði, sé um fastráðningu starfsmanna að ræða.

18. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Notandi getur skotið ákvörðun fundar stuðnings- og stoðþjónustuteymis til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því að ákvörðun er tilkynnt. Niðurstöðu fjölskylduráðs Hafnarfjarðar má kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að notanda var kunngerð ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar.

19. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda/notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

VII. KAFLI

Gildistaka.

20. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með stoð í 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Samþykktar af fjölskylduráði 26. nóvember 2024.

Samþykktar af bæjarstjórn Hafnarfjarðar 4. desember 2024.

Reglur þessar öðlast gildi 1. febrúar 2025.

Hafnarfirði, 3. janúar 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.